

á fyrsta árs prófa Háskóla
stjóra framhaldsskólanna
ri framhaldsskólum höfðu
amhaldsskóla. T.a.m. höfðu
inkunn, en nemendur t.d.
á framhaldsskólastiginu á

Ég vil að endingu lýsa ánægju
minni með að fá þessar upplýs-
ingar. Þær gefa okkur í Verzlun-
arskólanum tilefni til að athuga
vissa þætti í rekstri skólans, og
ennfremur gefa þær stúdentum
frá Verslunarskólanum tilefni til
að íhuga hvort þeir hafi ofmetið
stöðu sína í viðskiptafræðum og
tekið léttar á því námi, en efni
standa til," sagði Þorvarður Elí-
asson skólastjóri Verslunarskóla
Íslands.

Verðmætar upplýsing- ar fyrir skólana

— segir rektor MR

„ÞESSAR upplýsingar eru
auðvitað afskaplega grófar og
segja raunar ekki nema hluta
sögunnar," sagði Guðni Guð-
mundsson rektor Menntaskól-



Þorvarður Elíasson.

ans í Reykjavík. „Þarna eru
talin öll próf í öllum deildum,
en nemendur framhaldsskól-
anna skiptast auðvitað mis-
jafnlega í deildir Háskólans.
Og það er mjög misjöfn meðal-
einkunn milli einstakra deilda
þannig að það hefur vitaskuld
áhrif, hversu margir nemend-
ur ákveðins skóla fara í léttari
deildirnar og hversu margir í
þær þyngri.

Þessar upplýsingar ber semsé
ekki að túlka mjög strangt, þær
eru í rauninni aðeins beinagrind.
Annars er þetta í fyrsta skipti
sem Háskólinn gerir tilraun til að
gefa okkur í framhaldsskólunum
upplýsingar um það hvernig nem-
endum frá hverjum og einum
skóla vegnar og þess vegna er
þetta mikilsverð tilraun, sem gef-
ur okkur möguleika á að bæta
okkur.

Viðleitni Háskólans er af hinu
góða og vonandi þessu haldi
áfram. Slíkar upplýsingar eru
verðmætar fyrir skólana. En ég
endurtek, að þessar upplýsingar
segja ekki nema hluta sögunnar,"
sagði Guðni Guðmundsson, rektor
MR.

Heimilt að hefja smíði nýs útvarpshúss 1981

Í TILEFNI 50 ára afmælis Ríkisút-
varpsins var sl. laugardag efnt til
hátíðarsamkomu í Þjóðleikhúsinu.
Þar flutti Ingvar Gíslason mennta-
málaráðherra ræðu og afhenti bréf
til útvarpsins, þar sem segir m.a.:

„Að loknum nauðsynlegum und-
irbúningi í samráði við ráðuneytið
er ríkisútvarpinu heimilt að hefja
smíðaframkvæmdir á árinu 1981
og halda þeim áfram í samræmi við
fjárhagsgetu framkvæmdasjóðs

ríkisútvarpsins og aðrar aðstæður
hverju sinni. Nánar verður kveðið
á um yfirstjórn og skipulagningu
byggingarframkvæmdanna, þar á
meðal árlega smíðaaáfangs.“

Auk ráðherra fluttu ræður Andr-
és Björnsson, útvarpsstjóri, og Vil-
hjálmur Hjálmarsson, formaður út-
varpsráðs. Lauritz Bindslöv, út-
varpsstjóri í Danmörku, flutti
heillaóskir útvarpanna á Norður-

löndum og færði íslenska ríkisút-
varpinu frá þeim listaverk úr ker-
amik eftir Danann Bo Kristiansen.
Klemens Jónsson, formaður starfs-
mannafélags útvarpsins afhenti
fyrir þess hönd ofið veggteppi eftir
Asgerði Búadóttur, sem nefnist
Skjaldarmerki og á því mynd af
saltfiski. Sveinn Einarsson, Þjóð-
leikhússtjóri flutti heillaóskir
sinnar stofnunar og blómagjöf og
Gísli Alfreðsson, formaður Félags
ísl. leikara tilkynnti í sínu ávarpi
stofnun leiklistarsjóðs, sem geri
nafn Þorsteins Ó. Stephensen og
skyldi hann stuðla að eflingu ís-
lenskrar leiklistar í útvarpi, í flut-
ningi á verkum og með námskeiða-
haldi og námsstyrkjum, en Þor-
steinn Ó. Stephensen þakkaði. Auk
þess bárust útvarpinu fjöldi heilla-
óskaskeyta innanlands frá og utan
og í bréfi hafði borist vegleg pen-
ingagjöf frá konu, sem ekki vildi
láta nafns síns getið.

Þá var á hátíðinni upplestur og
söngur og var bæði útvarpað frá
henni beint og henni síðan sjón-
varpað um kvöldið.



Andrés Björnsson í ræðustól á
afmælishátíðinni í Þjóðleikhúsi-
nu.



Gunnar Eyjólfsson var kynnrir og kalla úr erindum fyrri útvarps-
manna fluttu Gunnar Stefánsson, Ása Finnsdóttir og Óskar
Halldórsson.

Póstur og sími:

Nýr framkvæmda- stjóri fjármáladeildar

GUÐMUNDUR Björnsson hef-
ur verið skipaður fram-
kvæmdastjóri fjármáladeildar
Pósts og síma frá og með
næstu áramótum og tekur
hann við starfinu af Páli V.
Danielssyni.

Guðmundur er 38 ára gamall
Reykvíkingur, sonur hjónanna
Björns Jónssonar kaupmanns og

Ingibjargar Sveinsdóttur. Hann
lauk stúdentsprófi frá MA 1963
og prófi í viðskiptafræði frá HÍ
1968. Sama ár réðst Guðmundur
til Pósts og síma og hann hefur
verið deildarstjóri hagdeildar
fyrirtækisins síðan 1971.

Guðmundur er kvæntur Þor-
björgu Kjartansdóttur og eiga
þau tvö börn.



Sýning Thors framlengd með nýjum myndum

SÝNING Thors Vilhjálms-
sonar í Djúpinu hefur nú verið
framlengd fram yfir áramót.

„Ég er að fylla í skörðin með
nýjum myndum, því ég var
búinn að selja um helminginn
og fólk vildi fá myndirnar fyrir
jólin," sagði Thor í samtali við
Mbl. í gær. „Það verða áfram
um 30 myndir á sýningunni.“

Háhyrningur til Spánar í fyrsta sinn

FYRIR skömmu var einn af há-
hyrningum Sæðyrasafnsins fluttur
flugleiðis til Barcelona á Spáni.
Flugfélagið Iscargó sá um flut-
ninginn og tókst hann með miklum
áætum. Með í förinni voru Rolf D.
Rohwer eigandi háhyrningsins,
James W. Tiebor, milligöngumað-
ur um kaupin og flutningana auk
dýralæknis, sem fylgdist með liðan
háhyrningsins.

Háhyrningurinn lá í makindum á
mikilli svampdýnu í stóru járnkeri.
Hann var smurður með feiti til að
koma í veg fyrir að húðin þornaði og
af og til þurfti að úða hann með
sérstakri kæliblöndu og dreifa ís
yfir hann til að halda hitastiginu
sem líkust og var í kerinu við
Sæðyrasafnið. Hitastigið í flugvél-
inni var af þeim sökum aðeins um 2
gráður á celsius og því heldur

kuldalegt í farangursrýminu. Há-
hyrningurinn var hinn rólegasti á
leiðinni og að sögn dýralæknisins
leið honum vel miðað við aðstæður.
Búrið var þannig úr garði gert að ef
til vandræða eða seinkana kæmi
væri hægt að halda háhyrningnum í
því í allt að 10 daga með því að fylla
það upp með vatni.


Eigandi hvalsins, Rolf D. Rohwer
á mikinn dýragarð í Barcelona, en
þetta er í fyrsta sinn sem hann
verður með háhyrning þar. Þetta er
jafnframt í fyrsta sinn sem háhyr-
ningur verður í dýragarði á Spáni.

Rolf sagði að þetta væri mjög
áhættusamt, því háhyrningurinn
kostaði sig með öllum tilkostnaði
kominn í laug í dýragarðinum hátt í
hálf milljón dollara, því væri eins
gott að hann lifði vel og lengi.

— HG.



Dýralæknirinn, Rolf D. Rohwer, eigandi háhyrningsins og James W.
Tiebor fá sér hressingu á leiðinni.



Dýralæknirinn hugar að háhyrningnum við komuna til Spánar.

Ljósmyndir Mbl. HG